**SKIPULAGS- OG BYGGINGAFULLTRÚAEMBÆTTI UPPSVEITA ÁRNESSÝSLU OG FLÓAHREPPS**
**Bláskógabyggð/Grímsnes-og Grafningshreppur/Hrunamannahreppur/Skeiða-og Gnúpverjahreppur/Flóahreppur**

**Dalbraut 12 840 Laugarvatn**
**Sími 486 1145 - fax 486 1246**
**www.sveitir.is –kt. 580209-0170**

Sigurður Ágústsson
Birtingaholti
801 Selfoss

Laugarvatni, 13. október 2010
Tilv. 201006402610

Efni: **Birtingaholt 4, 166728 .**

Á fundi skipulags og bygginganefndar þann 23. september sl. var fjallað um umsókn þína um byggingarleyfi fyrir Gripahús á lóðinni Birtingaholt 4 166728.

Lýsing umsóknar: **Sótt er um leyfi til að setja niður þrær fyrir lífrænan áburð skv. meðfylgjandi gögnum. Þrærnar koma SA við bæjartorfuna í Birtingaholti, gegnt Sóleyjarbakka**

Stærð húss óbreytt

Umsóknin hlaut eftirfarandi afgreiðslu: ***Borist hefur bréf frá Skipulagsstofnun vegna málsins þar sem fram kemur að stofnunin telur að um það umfangsmikla framkvæmd sé að ræða að vinna þurfi deiliskipulag fyrir svæðið. Einnig hefur borist bréf og breitt teikning frá umsækjanda þar sem gerð er frekari grein fyrir frágangi á þrónum til að koma í veg fyrir lyktarmengun í samræmi við bókun nefndarinnar frá fundi 12. ágúst sl. Að mati nefndarinnar er ekki um matsskylda framkvæmd að ræða og er samþykkt að veita framkvæmdaleyfi að uppfylltum skilyrðum um frágang í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Grenndarkynning hefur farið fram og tekið hefur verið tillit til athugasemda sem bárust. Í ljósi þessa er ekki talið nauðsynlegt að vinna deiliskipulag vegna framkvæmdanna. Málinu vísað til endanlegrar afgreiðslu byggingarfulltrúa.***

Virðingarfyllst

Helgi Kjartansson
Byggingarfulltrúi Uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps
helgi@sudurland.is